

Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um tap fyrirtækja vegna gjaldþrota eða afskrifta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið fé er talið hafa tapast vegna gjaldþrota eða afskrifta hjá fyrirtækjum í eftirtöldum greinum á árunum 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 og hverjar eru forsendur útreikninganna:

- a. byggingastarfsemi og mannvirkjagerð,*
- b. verslun,*
- c. ferðaþjónusta,*
- d. iðnaðarstarfsemi,*
- e. fjármála- og váttryggingastarfsemi,*
- f. fasteignaviðskipti?*

Engin opinber stofnun hefur upplýsingar um hversu mikið fé hefur endanlega tapast vegna gjaldþrota eða afskrifta einstakra atvinnugreina. Í neðangreindri töflu eru upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu um afskriftir viðskiptabankana á árunum 2006–2010. Ekki er unnt að afla upplýsinga um forsendur útreikninganna þar sem þær geta verið mismunandi eftir bönkum og eðli mála.

Afskriftir viðskiptabanka hjá fyrirtækjum.

Ár*	2006	2007	2008	2009–2010
Byggingastarfsemi	204.463.503	100.060.225	349.233.725	25.293.365.239
Verslun	619.504.916	138.208.565	1.418.864.527	29.589.588.857
Fasteignafélög / fasteignaviðskipti	271.291.208	18.186.212	181.879.013	34.536.814.023
Þjónusta, fjármálafyrirtæki, samgöngur og flutningur	624.980.719	397.865.660	321.076.657	19.566.282.944
Iðnaður / landbúnaður / matvælaiðnaður	457.389.269	220.979.214	139.250.192	15.583.528.024
Sjávarútvegur / fiskveiðar	338.867.899	19.693.794	170.965.857	10.529.116.789
Annað	1.349.121.163	589.761.709	2.319.565.477	345.783.448.333
Samtals	3.865.618.677	1.484.755.379	4.900.835.448	480.882.144.209

* Tölurnar frá 2006–2008 eru frá tveimur stærstu viðskiptabönkunum en frá 2009–2010 eru þær frá þremur stærstu viðskiptabönkunum.

Vakin er athygli á því að bankarnir gefa sér hugsanlega mismunandi forsendur við útreikning afskriftanna og því ber að taka þessum tölum með þeim fyrirvara.